

**Sþ.**

## **5. Tillaga til þingsályktunar**

[5. mál]

um könnun á raunverulegri fjárhagsstöðu atvinnufyrirtækja.

Flm.: Karvel Pálmason, Ólafur Ragnar Grímsson.

Alþingi ályktar að fela forsætisráðherra að skipa eftir tilnefningum níu manna nefnd til að kanna, hver sé raunverulega fjárhagsleg staða atvinnufyrirtækjanna í landinu. Hver þingflokkur skal tilnefna einn mann í nefndina, og Alþýðusamband Íslands, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, Farmanna- og fiskimannasamband Íslands og Iðnnemasamband Íslands skulu hvert um sig tilnefna einn mann. Nefndin skipti sjálf með sér verkum og hraði störfum sínum eins og kostur er. Þjóðhagsstofnun og Seðlabanki Íslands skulu veita nefndinni alla þá sérfræðilegu aðstoð, sem þörf er á, en kostnað við störf nefndarinnar skal greiða úr ríkissjóði.

### **Greinargerð.**

Á undanförunum vikum hefur ríkisstjórnin staðið að margvíslegum ráðstöfunum í efnahagsmálum, sem allar hafa miðað að því að færa mikið fjármagn frá launþegum til atvinnufyrirtækjanna í landinu. Þessar aðgerðir, sem mjög hafa skert — og munu skerða — lífskjör almennings, eru rökstuddar með fullyrðingum um, að fjárhagsleg staða fyrirtækjanna sé það slæm, að stöðvun atvinnurekstrar vofi yfir, ef slíkar ráðstafanir væru ekki gerðar. Þessu til stuðnings eru birtar tölur um meintan taprekstur hinna ýmsu atvinnugreina.

Sú óumdeilanlega staðreynd, að mörg fyrirtæki í þeim atvinnugreinum, sem að sögn eiga við mikil vandræði að etja, eru rekin með verulegum hagnaði, hlýtur að vekja efasemdir um gildi þeirra upplýsinga um taprekstur fyrirtækjanna, sem fyrir liggja. Bendir ýmislegt til þess, að fjárhagsleg staða þeirra sé alls ekki eins slæm og af er látið og því ekki þörf á þeim stórfelldu kjaraskerðingaraðgerðum, sem ríkisstjórnin hefur beitt sér fyrir að undanförunu.

Þess vegna telja flutningsmenn þessarar tillögu til þingsályktunar eðlilegt og nauðsynlegt, að fram fari ítarleg könnun á raunverulegri fjárhagsstöðu fyrirtækjanna í landinu og að þannig verði staðið að þeirri könnun, að allur almenn-ingur geti treyst því, að niðurstöður hennar séu réttar. Sú tilhögun, sem flutningsmenn gera tillögu um, þ. e. að þingflokkarnir og helstu samtök launafólks tilnefni menn í nefnd, sem annist þessa könnun, er vel til þess fallin að skapa traust almennings á óhlutdrægni nefndarinnar. Skal sérstaklega á það bent, að tvenn samtök launþega, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja og Iðnnemasamband Íslands, hafa þegar hvatt til slíkrar nefndarskipunar.

Eðlilegt er, að nefndin njóti allrar þeirrar sérfræðilegu aðstoðar, sem Þjóðhagsstofnun og Seðlabanki Íslands geta veitt, enda nauðsynlegt, að nefndin geti hraðað störfum sínum sem mest, svo að réttar upplýsingar um raunverulega fjárhagsstöðu atvinnufyrirtækjanna í landinu liggi sem fyrst fyrir.